

**Sp. 648. Tillaga til þingsályktunar**

um flokkun á síldarmjöli, sem selt er innanlands.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara nákvæma flokkun á því síldarmjöli, sem selt er innanlands, og koma þannig í veg fyrir, að bændur þurfi að greiða fullt verð fyrir brennt eða á annan hátt gallað síldarmjöl.

**Greinargerð.**

Það er kunnugt, að síldarmjöl, sem selt er innanlands til fóðurbætis, er mjög misjafnt að gæðum. Samt sem áður er það ævinlega selt á sama verði, og er það tilviljun ein, sem ræður því, hverjir fá ógallað mjöl og hverjir verða svo óheppnir að lenda á því, sem er gallað og lélegt til fóðurs.

Það liggur í augum uppi, að slíkt ástand er með öllu óþolandi og er því nauðsynlegt fyrir næsta haust að tryggja, að bændur búi ekki eftirleiðis við það öryggisleysi í þessum efnum, sem hingað til hefur ríkt.